

Börkur Sigurbjörnsson

Naglanag

örsaga



Urban Volcano

Naglanag


Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2017
<http://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson
Útgefandi: Urban Volcano

<http://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, hljóðritun eða upplestri í rigningarúða á Lækjartorgi, svo fremi sem vísað er í höfund, efniinu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



Naglanag

Dennis leit á úrið sitt í þrítugasta sinn á fimm mínútum. Nú var loksins kominn tími á fundinn með fjárfestunum. Á hverri stundu myndu þau kalla hann inn á skrifstofur sínar. Dennis leit í kringum sig á biðstofunni til að athuga hvort það bólaði á gestgjöfum hans. Sá eini sem hann sá var starfsmaðurinn í móttökunni sem var djúpt sokkinn í tölvuskjáinn fyrir framan hann.

Dennis nagaði nöglina á vísifingri hægri handar. Hann renndi þumalfingri yfir nöglina til að þurrka upp mögulegar

leifar af munnvatni. Hann fann fyrir lausri skinnþætlu sem angraði hann. Hann beit hana af og fann járnbragð á vörnum. Hann þrýsti löngutöng á vísifingur til þess að reyna að stoppa blæðinguna. Án árangurs. Sárið var of stórt.

„Dennis Newman!“ sagði móttökustarfsmaðurinn handan biðstofunnar. „Þau eru tilbúin að taka á móti þér.“

Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnunum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano